


Árlegur vöxtur landsframleiðslu 2001-2011



Samkvæmt nýjustu efnahagsspám verður samdráttur landsframleiðslu á árinu 2009 11% sem er nokkru meiri en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Ástæðan er m.a. Sú að framkvæmdir við álver í Helguvík dragast á langinn og niðurskurður ríkisútgjalda hefst þegar á þessu ári. Búist er við að atvinnuleysi nái ekki hámarki fyrr en árið 2010 og taki svo að minnka. Verðbólga er hins vegar minni en búist var við og hafa því skapast betri forsendur til lækkunar vaxta.

Heimild: Seðlabankinn og Hagstofa Íslands

* Byggt á spá Seðlabankans